

# Skólanámskrá Öskjuhlíðarskóla

## Námsáherslur, kennsluaðferðir og reglur




## Efnisyfirlit

Námsáherslur.....	3
Kennsluaðferðir.....	3
Reglur.....	4
Skólareglur Öskjuhlíðarskóla.....	4
Reglur um réttindi nemenda og takmarkanir á þeim.....	5

## Námsáherslur

Eins og fram kemur í 2. hluta skólanámskrárinnar um: **Markmið og inntak náms** þá skiptist námskrá Öskjuhlíðarskóla á þrjú megin svið sem miðast við mismunandi uppsprettur markmiða.



Þegar umsjónaraðilar nemenda setja bekkjardeildum, nemendahópum eða einstaklingum námsmarkið verða þeir alltaf að gæta þess að fara í gegnum öll sviðin þrjú og skoða markmiðin, sem sett eru fram á hverju sviði, m.a. með tilliti til þroska og aldurs nemendanna. Við val á námsáherslum í einstaklingsnámskrár nemenda er mikilvægt að foreldrar/forráðamenn séu hafðir með í ráðum við forgangsröðun áhersluþátta inn í einstaklingsnámskrá viðkomandi nemanda.

Í kennslu í sérskóla eins og í Öskjuhlíðarskóla geta hefðbundnar námsgreinar (sbr. aðalnámskrá grunnskóla) vissulega þjónað sama tilgangi og í almennum grunnskólum en vegna nemendahópsins í Öskjuhlíðarskóla er nauðsynlegt að velja úr það sem mikilvægast er talið og þá það sem gera má ráð fyrir að nemendur hafi möguleika á að tileinka sér þegar fötlun þeirra er höfð í huga.

Viðurkennt er að hefðbundnar námsgreinar nái ekki til allra þátta sem þó er talið mikilvægt að áhersla sé lögð á í skyldunámi. Af þessum sökum er námsgreinabundið nám aðeins eitt svið í námskrá Öskjuhlíðarskóla.

Kennsla sem miðast fyrst og fremst við að stuðla að eflingu undirstöðu þroskaþátta (námskrársvið 1) og kennsla sem miðar að því að einstaklingur læri að nýta fenginn þroska og kunnáttu í viðfangi við ýmsar athafnir (námskrársvið 3) eiga að bæta upp það sem hefðbundin námsgreinakennsla nær ekki að spanna með góðu móti.

## Kennsluaðferðir

Auk hefðbundinna aðferða við kennslu hinna ýmsu námsgreina í bekkjarstarfi þurfa starfsmenn Öskjuhlíðarskóla að tengja saman ýmsar sérhæfðar kennslu- og þjálfunaraðferðir

fyrir nemendur allt eftir fötlun viðkomandi nemenda og þörfum þeirra fyrir mismunandi áherslur í námi. Þar má t.d. nefna málörvun, talkennslu, hreyfi-, sjúkra- og iðjubjálfun

Fyrir þá nemendur, sem vegna fötlunar sinnar eiga við alvarlega tal- og/eða málhömlun að stríða, er leitast við að finna heppilega tjáskiptaleið. Þar getur verið um að ræða notkun á „táknnum með tali“, notkun á táknmyndakerfinu PECS (Picture Exchange Communication System) og TEACCH (Treatment and Education of Autistic and related Communication-handicapped CHildren).

Þeir nemendur skólans, sem sökum fötlunar sinnar, eiga í vandkvæðum með að fara eftir almennum umgengnisreglum geta þurft sérhæfða aðstoð og stýringu fagfólks og annarra starfsmanna skólans. (Sjá: *Skólareglur Öskjuhlíðarskóla og Reglur um réttindi nemenda og takmarkanir á þeim.*) Mikilvægt er að taka fram að *atferlismeðferð* er eingöngu beitt í skilgreindum tilvikum og þá í samráði við sérfræðinga skólans og foreldra/forráðamenn viðkomandi nemanda.

## Reglur

### Skólareglur Öskjuhlíðarskóla

#### Samskipti í skólanum skulu grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi

##### Stundvísi

Nemanda ber að mæta stundvíslega í skólann.

##### Fjarvistir

Fjarvistir og veikindi skal tilkynna til skólans eins fljótt og auðið er. Alltaf þarf að sækja um leyfi fyrir nemanda. Umsjónarkennari getur veitt nemanda tveggja daga leyfi. Ef leyfið stendur lengur en tvo daga þarf að sækja um það sérstaklega til skólastjóra.

##### Nestismál og klæðnaður

Nemendur eiga að hafa með sér hollt og gott nesti í skólann og vera klæddir samkvæmt veðri.

##### Framkoma og hegðun

Nemendur skulu ganga vel um skólann jafnt innan dyra sem utan. Nemandi skal sýna sjálfum sér, bekkjarsystkinum og skólasystkinum virðingu sem og öllu starfsfólki skólans. Þeir nemendur skólans sem ekki geta farið eftir almennum umgengnisreglum sökum fötlunar sinnar fá til þess sérstaka aðstoð/stýringu frá fagfólki og öðru starfsfólki skólans.

##### Lyf

Óheimilt er að senda lyf með nemendum í skólann. Forráðamönnum ber að koma lyfjum sem börn þurfa að taka á skólatíma til hjúkrunarfræðings eða ritara skólans.

##### Skólaakstur

Skólaakstur er þjónusta rekin af Strætó bs. Forráðamenn nemenda bera sjálfir ábyrgð á að koma upplýsingum til skólabílstjóra um breytingar varðandi akstur nemenda til og frá skóla.

## **Skóladagvist**

Forráðamenn bera sjálfir ábyrgð á að koma upplýsingum um breytingar varðandi skóladagvist hjá börnum sínum til forstöðumanna skóladagvistar.

## **Reglur um réttindi nemenda og takmarkanir á þeim**

Reykjavík 31. mars 2004

### **Reglur vegna réttinda nemenda og takmarkanir á þeim**

#### **Inngangur**

Öskjuhlíðarskóli er sérskóli fyrir þroskahamlaða og fjölfatlaða nemendur. Nokkur hópur nemenda skólans á einnig við alvarlegar atferlistruflanir að stríða. Vegna fatlana sinna þurfa margir nemendur meiri stuðning starfsmanna skólans í daglegri umgengni og samskiptum en almennt gengur og gerist.

Allt starf skólans skal miða að því að nemendum líði vel í skólanum, nemendum séu tryggð almenn mannréttindi, persónufrelsi og réttur þeirra til að hafa samskipti við aðra sé virtur, sem og réttur þeirra til tjáningar og skoðanafrelsis. Skal það gert með þeim takmörkunum sem þessar reglur segja til um.

Starfsmenn skólans skulu koma fram við nemendur af virðingu, kurteisi og tillitssemi og stuðla að því að styrkja nemendur út frá þroska þeirra og aldri. Sérstaklega ber að varast að viðbrögð starfsmanna auki á neikvæð viðbrögð nemenda.

#### **Takmarkanir á réttindum nemenda vegna aðstæðna**

- Samkvæmt 5. grein reglugerðar nr. 270/2000 er starfsmönnum skóla óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni.
- Takmarka ber réttindi nemenda þegar það telst nauðsynlegt, til að gæta öryggis og heilsu þeirra, annarra nemenda og starfsfólks. Starfsfólki skólans ber að stöðva sjálfsskaðandi hegðun, en með eins mildilegum hætti og kostur er á.
- Við takmörkun réttinda skal ætíð gæta meðalhófs til að tryggja eðlileg samskipti í samræmi við uppeldishlutverk skólans.
- Takmarkanir skulu aldrei ganga lengra en nauðsynlegt er til þess að ná því markmiði sem stefnt er að.
- Gilda hér sömu reglur og almennt gilda í grunnskólum. Þvingun skal aðeins vara á meðan neyðaraðstæður standa yfir og vera í samræmi við hegðunina og það tjón eða hættu sem vænta má. Foreldrar skulu tafarlaust látnir vita um málavöxtu.

## **Íhlutun – og stýring**

Á við þegar nemandi neitar að hlýða eða sýnir óæskilega hegðun, án þess þó að ógna sjálfum sér öðrum eða umhverfi sínu. Ef nemandinn er ófær um að láta af hegðun sinni með úrtölum er starfsmanni heimilt að stýra nemandanum út úr aðstæðunum um stundarsakir.

## **Þvingandi stýring**

Beiting líkamlegra refsinga og einangrunar er óheimil, hvort sem er í refsingarskyni eða uppeldis- og kennslufræðilegum tilgangi.

- Líkamleg þvingun sem felur í sér að nemandi er haldið föstum og/eða hann er fluttur á milli staða er leyfileg í þeim tilvikum þegar nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að nemandi sýni hegðun sem er ógnun við hann sjálfan eða aðra nemendur og starfsfólk. Sama á við ef nemandinn stendur að eyðileggingu muna og mannvirkja. Áður þarf þó að hafa farið fram tilraun til að stöðva hegðun viðkomandi nemandi með sem mildustum hætti, s.s. fortölum.
- Ef nemandi missir stjórn á sér, er heimilt að færa hann í rólegt umhverfi um stundarsakir. Starfsmaður skólans skal ætíð fylgja nemandi í slíkt umhverfi og vera honum til halds og trausts á meðan nemandinn er að jafna sig eftir inngríp vegna hegðunar. Slíkt inngríp skal ætíð skráð með sama hætti og önnur inngríp vegna atferlis.

## **Atferlismeðferð**

Atferlismeðferð skal eingöngu beitt í skilgreindum tilvikum. Hún skal framkvæmd samkvæmt reglum sem skólinn setur í samráði við sérfræðinga skólans í hverju tilviki. Eðlilegt jafnvægi skal vera milli umbunar fyrir æskilega hegðun og aðgerða vegna óæskilegrar hegðunar. Leitast skal við af fremsta megni að koma nemandi í skilning um tilgang aðgerða og að nemandi geti tengt aðgerðir hegðun sinni.

## **Skráning**

Allt líkamlegt inngríp starfsfólks til að stöðva óæskilegt atferli nemandi, s.s. sjálfsmeiðandi atferli og líkamlegt ofbeldi gagnvart öðrum nemendum eða starfsfólki skal skrá á þar til gerð eyðublöð. Skal skráning fara fram eins fljótt og hægt er og eigi síðar en í lok skóladags. Skal skráningarblað afhent skólastjóra til varðveislu.

## **Faglegur ágreiningur –álitamál**

Komi upp faglegur ágreiningur milli samstarfsaðila um leiðir/aðferðir til að stöðva óæskilegt atferli nemandi ber viðkomandi aðilum að ræða þau álitamál sín í milli. Þeir skilgreina í sameiningu viðmiðanir sínar, markmið og leiðir við inngríp í óæskilegt atferli tiltekinn nemandi. Nái starfsmenn ekki sameiginlegri niðurstöðu ber þeim tafarlaust að leita til stjórnenda skólans með ágreining sinn. Skólastjórnendur skulu meta aðstæður í hverju tilviki. Telji skólastjórnendur ástæðu til, geta þeir haft milligöngu um sérhæfða ráðgjöf til viðkomandi starfsmanna um inngríp í hegðun. Nái sérhæfð ráðgjöf og verkstjórnarvald skólastjórnenda ekki að leysa ágreininginn er Fræðslumiðstöð Reykjavíkur næsta stjórnsýslustig. Starfsmaður sem ekki er samstarfsaðili en verður vitni að framkomu eða aðferð starfsmanns sem hann er ósáttur við getur leitað til næsta yfirmanns með málið. Skólinn skal kynna þessar reglur fyrir foreldrum í upphafi skólaárs. Skólinn gætir þess að foreldrar séu hafðir með í ráðum við útfærslu á þessum reglum í hverju einstöku tilviki.

Virðingarfyllst Arthur Morthens forstöðumaður Þjónustusviðs Fræðslumiðstöðvar Rvk